



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

Alþingi
Erindi nr. P 141/83
komudagur 10.10.2012

Reykjavík, 10. október 2012
RMF12090006

Alþingi
Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður

150 Reykjavík

Umsögn Höfuðborgarstofu um 128. þingmál um skipan ferðamála

Höfuðborgarstofa gerir eftirtaldar athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum nr. 73/2005 með síðari breytingum sem kynntar voru á fundi menningar- og ferðamálaráðs 8. október sl.: Í 2. grein kemur fram að ráðherra skipi samráðsvettvang um ferðamál til fjögurra ára í senn þar sem skulu eiga sæti tólf fulltrúar. Kveðið er á um að Ferðamálasamtök Íslands og markaðsstofur landshlutanna skuli tilnefna einn fulltrúa sameiginlega. F.Í. og markaðsstofurnar koma með afar ólíkar áherslur í umræðu um ferðaþjónustu enda starfsvettvangur þeirra ólíkur. Því mælir Höfuðborgarstofa með að markaðsstofurnar tilnefni einn fulltrúa án aðkomu Ferðamálasamtaka Íslands. Markaðsstofurnar endurspeglar mun betur ferðaþjónustu í öllum landshlutum en Ferðamálasamtök Íslands. Einnig telur Höfuðborgarstofa að brýnt sé að tryggja aðkomu Reykjavíkurborgar að samráðsvettvanginum, en í frumvarpinu er engan veginn auðsýnt að borgin eigi tryggan fulltrúa, hvorki í gegnum aðkomu markaðsstofanna né Samband íslenskra sveitarfélaga.

Einnig vekur Höfuðborgarstofa athygli á því að í 12. grein lagana nr. 73/2005 er tiltekið að þeim einum er heimilt að nota heitin bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöð sem hafa fengið útgefið skírteini samkvæmt þessum lögum. Að mati Höfuðborgarstofu er ekkert eftirlit með því að þessum reglum sé framfylgt enda fjölgar þeim fyrirtækjum, sérstaklega í miðborg Reykjavíkur, sem auðkenna sig með hinu alþjóðlega “i” merki sem gefur til kynna ákveðna gæðastaðla.

Mat Höfuðborgarstofu er að nauðsynlegt sé að aðgreina þær upplýsingamiðstöðvar sem eru reknar víða um land af opinberum aðilum frá þeim fyrirtækjum sem fyrst og fremst sinna bókunarþjónustu og einfaldast væri að gera það á þann hátt að rekstraraðilar þyrftu að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá að nota „i“ merkið. Tilfinnanlega skortir stefnumörkun og gæðastýringu í þessum efnum og brýnt að bæta úr vaxandi ófremdarástandi.

F.h. Menningar- og ferðamálasviðs

Kristjana Nanna Jónsdóttir
verkefnastjóri
skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs